

Breytingartillaga

við frv. til 1. um breyt. á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998 (gjafsókn).

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Sigurjóni Þórðarsyni og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. mgr. 126. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfundunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt:

- a. ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé,
- b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði gjafsóknar, þar með talið hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, þau atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn skv. 1. mgr. 127. gr.